



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Ársskýrsla 2012



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsóknir og þekkingarstörf á landsbyggðinni

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra HÍ 2013

Þekkingarsetri Suðurnesja í Sandgerði

21. mars 2013 kl. 13:00 – 16:30

Dagskrá

- 12:00 Rúta leggur af stað frá Aðalbyggingu Háskóla Íslands.
- 13:00 Hádegishressing. Kynning á starfsemi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og sagt frá nýstofnuðu Þekkingarsetri Suðurnesja.
- 13:45 Setning ársfundar. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands.
- 13:55 Starfsemi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2012. Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra.
- 14:15 Að miðla arfi Þórbergs. Soffía Auður Birgisdóttir, bókmenntafræðingur við Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði.
- 14:35 Hagræn áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, verkefnisstjóri hjá Rannsóknasetri HÍ á Húsavík.
- 14:55 Kaffi. Þekkingarsetrið skoðað undir leiðsögn starfsmanna.
- 15:30 Landnám grjótkrabba við Ísland: rannsóknir og hagnýting. Óskar Sindri Gíslason, doktorsnemi og starfsmaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum.
- 16:00 Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands undirrita samning um Rannsóknasetur HÍ, viðauka með samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við Háskóla Íslands.
- 16:20 Samantekt og fundarslit.
- 16:45 Brottför frá Þekkingarsetri Suðurnesja.
- 17:30 Komið til Reykjavíkur.

Fundarstjóri: Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri Sandgerðisbæjar

Efnisyfirlit

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	2
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	3
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum.....	5
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra.....	7
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík.....	9
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi.....	11
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði	11
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	15
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum.....	17

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands er vettvangur samstarfs Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir, styrkja tengsl Háskólans við atvinnu- og þjóðlíf og auka möguleika almennings til menntunar. Stofnunin byggist á Rannsóknasetrum Háskóla Íslands um allt land og heyrir beint undir Háskólaráð.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og stjórnarformaður er dr. Rögnvaldur Ólafsson. Stjórn stofnunarinnar var auk stjórnarformanns skipuð þeim Hreini Haraldssyni vegamálastjóra, Jörundi Svavarssyni prófessor við HÍ, Steingerði Hreinsdóttur atvinnuráðgjafa hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands og Erlu Björk Örnólfsdóttur framkvæmdastjóra Varar, sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð. Erla Björk sagði þig frá stjórnarsetu þegar hún tók við embætti rektors Hólaskóla. Birna Gunnarsdóttir verkefnisstjóri hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands annast stjórnsýslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina; aðrir starfsmenn Rannsóknþjónustu HÍ sem komu að vinnu fyrir Stofnun rannsóknasetra á árinu eru Ásta Sif Erlingsdóttir, Úlfar Gíslason og Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir. Samtals nam vinnuframlag þeirra u.þ.b. einu ársverki.

Árið 2012 voru starfrækt rannsóknasetur á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðausturlandi. Á Austurlandi var einnig starfsemi en með nokkuð öðru sniði en annars staðar.

Þrjátíu manns unnu hjá Rannsóknasetrum HÍ árið 2012, þar af tíu í fullu starfi en tveir þeirra voru í fæðingarorlofi hluta ársins. Alls voru ársverk hjá Stofnun rannsóknasetra rúmlega 17. Átta sumarstarfsmenn voru ráðnir til rannsóknasetrana í átaksverkefni Vinnumálastofnunar; sjö fengu vinnu í tvo mánuði en einn vann þrjá mánuði. Fjöldi meistara- og doktorsnema nýtti aðstöðu á setrunum og erlendir fræðimenn fengu aðstöðu við sum setrana til skemmri tíma.

Á vegum Rannsóknasetrana eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir. Meðal viðfangsefna eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði og fornleifafræði. Allt eru þetta rannsóknasvið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setrana og við Háskóla Íslands í Reykjavík. Þá tekur starfsfólk þátt í fjölbreyttum verkefnum á starfssvæðum setrana eftir því sem tilefni gefst til.

Akademískir starfsmenn setrana koma flestir að kennslu, flestir við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskólans. Einnig annast þeir leiðbeiningu framhaldsnema og hafa allmargir framhaldsnemar unnið að lokaverkefnum sínum við Rannsóknasetur HÍ.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra var haldinn á Selfossi 29. mars 2012 undir yfirskriftinni Hlutverk rannsóknasetra í samfélaginu. Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands flutti setningarávarp og fundarstjóri var Steingerður Hreinsdóttir atvinnuráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands. Um fimmtíu manns sátu ársfundinn. Glærुकynningar með erindum sem flutt voru á fundinum má nálgast á vefsíðu Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, www.rannsoknasetur.hi.is. Þar eru einnig krækjur á vefsíður rannsóknasetrana.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi tók til starfa 2006. Dr. Jón Einar Jónsson sérfræðingur við HÍ er forstöðumaður setursins. Hann er dýravistfræðingur og vinnur við rannsóknir á stofnvistræði æðarfugls og dílaskarfs. Auk forstöðumanns voru Árni Ásgeirsson líffræðingur og Valtýr Sigurðsson meistaranemi í fullu starfi ellefu mánuði ársins. Aðstoðarmaður við rannsóknir í þrjá mánuði í sumar var Smári Þor Baldursson. Rannsóknasetrið er til húsa í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Rannsóknir á stofn- og varpvistfræði æðarfugls hafa frá upphafi verið viðfangsefni rannsóknasetursins og birtust þrjár greinar um þær í alþjóðlegum vísindaritum árið 2012. Markmið rannsókna er m.a. að kanna tengsl loftslagsbreytinga og stofnstærðar



æðarfugls og skoða stofnbreytingar með tilliti til breytileika í gæðum búsvæða. Upplýsingum um fjölda hreiðra í æðarvörpum um gervallt Ísland er safnað og m.a. stuðst við gögn frá æðarbændum; margir þeirra eiga skrár sem ná yfir löng tímabil og sýna mikinn breytileika í fjölda varpkollna milli ára. Þórður Örn Kristjánsson sem stundar doktorsnám undir leiðsögn forstöðumanns birti sína fyrstu doktorsgrein um fæðu æðarfugls í Breiðafirði.

Smári Lúðvíksson æðarbóndi í Rífi hefur frá upphafi verið setrinu drjúgur samstarfsmaður við merkingar og aðrar tilraunir. Fjöldi æðarunga á Breiðafirði var metinn sjötta árið í röð og var með betra móti.

Arnþór Garðarsson, professor emeritus við HÍ, sinnir rannsóknum sínum á dílaskarfi í samvinnu við setrið. Talningar á dílaskarfi hafa verið á vegum setursins frá 2009 en Arnþór hefur sinnt þeim árlega frá 1994. Eftir stanslausa fjölgun fram til 2010 virðist sem mesti móðurinn sé runninn af skarfinum því síðustu tvö ár stóð fjöldi þeirra nokkuð í stað. Nýir varpstaðir hafa þó fundist, s.s. í Kollafirði á Ströndum 2011 og Grautarskeri í Breiðafirði 2012. Þá komust gamlir Breiðfirskir varpstaðir á blað eftir hlé: Innra Stangarsker með 87 hreiður og Innra Hagadrápsker með 36 hreiður.

Árni Ásgeirsson gerði tilraunir með lit grásleppuneta og drukknun sjófugla í netum. Verkefnið var styrkt af AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi. Tilraunir Árna leiddu í ljós að æðarkollur komu aldrei í gul net né teistur í blá net, en sýnastærð var ekki nægileg til að munurinn teljist tölfræðilega marktækur.

Tveir meistaranemar hófu rannsóknir hjá setrinu. Valtýr Sigurðsson kannar áhrif síldardauða á lífríkið með samanburði á fjölda og stærð krabbadýra á þremur svæðum. Síld var sleppt úr netum við Lyngey og Lundaklett undanfarna vetur og eru þessi svæði borin saman við svæði við Skoreyjar sem eru laus við síldardauða. Verkefnið er samstarfsverkefni með Vör Sjávarrannsóknasetri við Breiðafjörð.

Helgi Guðjónsson rannsakar varpvistfræði grágæsar og safnaði gögnum á Suðurlandi og í Breiðafirði. Verkefnið er samstarfsverkefni með Rannsóknasetri HÍ á Suðurlandi og Náttúrustofu Austurlands. Grágæs fær enn stærra hlutverk hjá setrinu á komandi ári, því Árni Ásgeirsson undirbýr nú talningu á gæsahreiðrum í völdum Breiðafjarðareyjum, þar sem

Þorvaldur Björnsson taldi áður fyrir rúmum tveimur áratugum. Árni sinnir sem fyrr flestum öðrum fuglarannsóknnum Rannsóknasetursins.

Tveir meistaranemar luku ritgerðum sínum undir leiðsögn forstöðumanns á árinu. Hálfán Helgi Helgason skrifaði um lífslíkur lunda í Vestmannaeyjum og Ellen Magnúsdóttir um farhætti skúma frá Íslandi, Noregi og Skotlandi. Bæði hófu sitt nám undir leiðsögn Páls Hersteinssonar sem lést árið 2011.

Rannsóknasetrið vinnur mikið með Náttúrustofu Vesturlands og samnýtir húsnæði, farartæki og mannskap. Meðal samvinnuverkefna eru vöktun á ritu sem hófst 2007, og talning vatnafugla á Þórsnesi og á sunnanverðu Snæfellsnesi, sem er framhald nemendaverkefnis um fuglaskoðun frá 2011. Rannsóknasetrið og Náttúrustofan hafa undanfarin ár sameinast um fræðimannaíbúð og er aðstaðan mikilvæg vegna samstarfs við gestafræðimenn og nema. Meðal þeirra sem nýttu aðstöðuna á árinu var BS nemi frá háskólanum í Bologna, Ettore Camerlenghi en hann skoðaði sambýli æðarkollna og máfa í Landey. Ljóst er að norðurendi Landeyjar gæti orðið vettvangur spennandi verkefna, fáir fuglarnir þar frið.

Greinar í alþjóðlegum vísindaritum

Jón Einar Jónsson & Smári J. Lúðvíksson. 2012. A choice between two adjacent islands: is switching nest sites related to weather or nest density in the Common Eider (*Somateria mollissima*)? *Ornis Fennica* 89: <http://www.ornisfennica.org/pdf/early/Jonsson.pdf>

Kristjánsson T.O., Jón Einar Jónsson og Jörundur Svavarsson 2012. Spring diet of common eiders (*Somateria mollissima*) in Breiðafjörður, West Iceland indicates non-bivalve preferences. *Polar Biology*: <http://www.springerlink.com/content/82341h815551x658/fulltext.pdf>

Ekroos, J. Anthony D. Fox, Thomas K. Christensen, Ib K. Petersen, Mikael Kilpi, Jón E. Jónsson, Martin Green, Karsten Laursen, Anja Cervenc, Peter de Boer, Leif Nilsson, Włodzimierz Meissner, Stefan Garthe & Markus Öst. 2012. Declines amongst breeding eider numbers in the Baltic/Wadden Sea flyway. *Ornis Fennica* 89: 81–90.

Fyrirlestrar

Jón Einar Jónsson. Rannsóknir á æðarfugli og breytingar á fjölda 2012. Fyrirlestur Rannsóknaseturs Háskóla Íslands fyrir aðalfund Æðarræktarfélag Íslands, Radisson Blue Hótel 10. nóvember.

Jón Einar Jónsson. Rannsóknir á æðarfugli 2012. Fyrirlestur Rannsóknaseturs Háskóla Íslands fyrir Deildarfund Snæfellinga í Æðarræktarfélagi Íslands, 1. nóvember.

Jón Einar Jónsson. Rannsóknir ársins 2012. Kynning á starfsemi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands fyrir nemendur í líffræði 213 í Fjölbrotaskóla Snæfellinga, 31. október.

Jón Einar Jónsson. 2012. Rannsóknir á æðarfugli í æðarvarpinu í Rífi. Náttúra Snæfellsness. Hótel Hellissandi 23. maí. Framfarafélag Snæfellsbæjar, Rannsóknasetur Háskóla Íslands Snæfellsnesi, Náttúrustofa Vesturlands, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.

Jón Einar Jónsson. 2012. Mömmuhópar og foreldraumönnun æðarfugls. Fyrirlestur í Norska húsinu í Stykkishólmi 24. júní, í boði Æðarseturs Íslands, Norska húsið-Byggðasafn Snæfellinga og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi.

Jón Einar Jónsson. 2012. Common eider. Fyrirlestur fyrir japanska æðardúnkaupendur í Norska húsinu í Stykkishólmi 23. maí (endurtekin 10. og 20. júní), í boði Æðarseturs Íslands og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi.

Veggspjöld

Helgi Guðjónsson, Jón Einar Jónsson, Halldór W. Stefánsson & Tómas G. Gunnarsson 2012. Mynstur í framleiðni grágæsa á landsmælikvarða á Íslandi. Haustráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Oddi 17. nóvember.

Þórður Örn Kristjánsson, Jón Einar Jónsson, Jörundur Svavarsson. 2012. Is the mottled red chiton (*Tonicella marmorea*) a key food item for common eiders (*Somateria mollissima*) in spring in Breidafjörður, west Iceland? Third Pan-European Duck Symposium in South Bohemia, Tékklandi, 26-27 apríl.

Skýrslur

Árni Ásgeirsson 2012. Hefur litur grásleppuneta áhrif á drukkun fugla? Lokaskýrsla til AVS rannsóknasjóðs, 1. Desember 2012, 6 bls.

Arnór Þrastarson 2012. Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Döllum. Grunnupplýsingar ætlaðar ferðaþjónustu og ferðamönnum. Náttúrustofa Vesturlands & Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Áfangaskýrsla, 21. mars, 1. mars, 78 bls.

Nemendaritgerðir

Hálf dán Helgi Helgason 2012. Return rates of puffin. Survival of Atlantic Puffins (*Fratercula arctica*) in Vestmannaeyjar, Iceland during different life stages. Mastersritgerð, Líf- og Umhverfísvisindadeild, Háskóli Íslands. Samstarf með Náttúrustofu Suðurlands.

Ellen Magnúsdóttir 2012. Migration patterns and foraging activity of wintering Great Skuas. Mastersritgerð, Líf- og Umhverfísvisindadeild, Háskóli Íslands. Samstarf með Háskólanum í Aberdeen, Náttúrufræðistofnun Íslands o.fl.

Kristín Alísa Eiríksdóttir. 2012. Ungafurframleiðsla grágæsar á Suðurlandi. 12 ECTS eininga ritgerð til BS prófs við Líf- og umhverfísvisindadeild, Háskóli Íslands. Samstarf með Rannsóknasetri HÍ á Suðurlandi.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum hóf störf í nóvember 2007. Forstöðumaður er dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur. Auk hennar starfar dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur sem verkefnastjóri við setrið. Verkefnaráðnir starfsmenn voru Leifur Þór Þorvaldsson, aðstoðarmaður við þorskseiðarannsóknir og fornleifarannsóknir og Halldór Óli Gunnarsson mannfræðinemi, aðstoðarmaður við söfnun ritaðra heimilda.

Verkefni setursins eru fjölbreytt en hafa flest tengst náttúru, samfélagi og atvinnulífi á Vestfjörðum. Rannsóknir sem unnið var við árið 2012 tengdust einkum líffræði og fornleifafræði.

Styrkir fengust til tveggja rannsókna á sviði fornleifafræði: áframhaldandi rannsókn á póstskipinu Phønix sem fóst við Snæfellsnes árið 1881 og rannsókn á minjum eftir erlenda hvalveiðimenn í Strandasýslu. Einnig var framhald á verkefninu „Fornleifakönnun á neðansjávarminjum við Vestfirði“ sem miðar að því að að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknamöguleika. Í maí var haldið áfram uppmælingu og ljósmyndun flaksins af póstskipinu Phønix en áætlað er að þeirri vinnu ljúki vorið 2013. Í ágúst var farinn rannsóknarleiðangur í Kóngsey og Strákey í Strandasýslu. Tilgangurinn var að kanna fornminjar í eyjunum og var staðfest að þar er að finna leifar tveggja hvalveiðistöðva frá 17. öld. Nú hafa verið skráðar og rannsakaðar þrjár

hvalveiðistöðvar frá 17. öld sem sýna að Ísland var mikilvægur viðkomustaður erlendra hvalveiðimanna og gegndi mikilvægu hlutverki í sögu hvalveiða í atvinnuskyni.

Í líffræðirannsóknnum fékkst framhaldsstyrkur fyrir líffræðipátt þverfræðilegs rannsóknaverkefnis um nýtingu sjávarauðlinda, einkum þorsks, á Íslandi á sögulegum tíma. Sumarið 2012 var haldið áfram vettvangsrannsóknum og voru tekin sýni í Breiðavík og Kollsvík í Barðastrandarsýslu. Sem fyrr miðar verkefnið að því að nota efna- og erfðafræðilegar greiningar á fornum þorskbeinum til að kanna breytileika í stofnuppbyggingu þorsks frá landnámi til nútíma. Í framhaldinu verður unnið að því að tengja þessar sveiflur mannfræðilegum og umhverfisáhrifum og að lokum meta áhrif af mögulegum stofnsveiflum í hafinu á samfélög í sjávarbyggðum. Áframhald var á rannsóknum á villtum þorskseiðum en um haustið hófst fjórða ár vettvangsvinnu þar sem seiði voru veidd af mismunandi búsvæðum og dýpi við strendur Norðvesturlands. Verkefnið miðar að því að skilja þá vistfræðilegu þætti sem ráða afföllum og uppkomu seiða, m.a. botngerð, samkeppni og afrán, og hvaða vist- og þróunarfræðilegu afleiðingar val á þessum tíma hefur á þorskstofninn. Við rannsóknina eru notaðar vist-, erfða- og efnafræðilegar mælingar en niðurstöður þessara fjögurra ára hafa þegar veitt nýja þekkingu um botntöku, fæðu og ferðir þorskseiða. Þá fengust styrkir úr AVS og Samkeppnisdeild Verkefnasjóðs Sjávarútvegsráðuneytisins til að hefja rannsóknir á áhrifum einstaklingsbreytileika í efnaskiptum þorskseiða á lifun og samkeppni milli seiða bæði í náttúrunni og við eldisaðstæður.

Rannsóknanemar við setrið eru Guðmundur Smári Gunnarsson sem vinnur að PhD verkefni „Áhrif þéttleika og búsvæða á sérhæfingu, lifun og atferli fiska“ undir leiðsögn Guðbjargar Ástu; Hlynur Reynisson sem vinnur MSc verkefnið „Torfuhegðun hjá þorski“, einnig undir leiðsögn hennar. Ragnar Edvardsson tók að sér kennslu námskeiðsins Aðferðafræði (FOR101G) í fornleifafræði við Sagnfræði- og heimspekideild haustið 2012. Tíu nemar voru skráðir í námskeiðið.



Starfsemi á árinu einkenndist að miklu leyti af greinaskrifum ásamt vinnu við greiningu og úrvinnslu gagna. Guðbjörg Ásta fór í fæðingarorlof í maí. Hún kom aftur til starfa í september og var í hálfu starfi þar til í desember, en þá aftur í fullu starfi. Ragnar Edvardsson fór í feðraorlof í september og var í hálfu orlofi út árið.

Útgefið efni

Natsopoulou M.E., S. Pálsson S. & Ólafsdóttir G.Á. 2012. Parasites and parallel divergence of number of individual MHC alleles between sympatric threespine stickleback morphs in Iceland. *Journal of Fish Biology*. 81:1696-1714.

R. Edvardsson 2012. „Hvalveiðar útlendinga á 17. öld, fornleifarannsóknir á Strákatanga 2005 – 2010“, Árbók hins íslenska fornleifafélags 2011, Reykjavík.

R. Edvardsson 2012. „Archaeological assessment of selected submerged sites in Vestfirðir“, *Archaeologia Islandica* 9, Reykjavík.

Theodorou, P., Snorrason, S.S. & Ólafsdóttir, G.A. 2012. Reaching the limit: Constrained behavioural flexibility of juvenile Atlantic cod (*Gadus morhua*) at current coastal temperatures. *Journal of Experimental Marine Biology and Ecology*, 413: 192-197.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra hóf starfssemi 2009 og hefur dr. Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur gegnt starfi forstöðumanns frá upphafi. Forstöðumaður var eini starfsmaðurinn í fullu starfi allt árið, en fyrsta september kom Ólafur Bernóðusson til starfa sem verkefnastjóri. Ólafur er í hlutastarfi og vinnur einkum við Bókasafn Halldórs Bjarnasonar, en sinnir einnig verkefnum fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd og Farskóla Norðurlands vestra. Sandra Kristín Jónasdóttir nemi í mannfræði starfaði sem aðstoðarmaður við rannsóknir í sumar og Vilhelm Vilhelmsson doktorsnemi í sagnfræði við HÍ var gestafræðimaður við setrið. Lára er meðleiðbeinandi Sean Bruce Lawing, doktorsnema í íslenskum bókmenntum við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.

Forstöðumaður vann á fræðasviði sínu á árinu. Hún starfar nú að rannsókn á sögulegu samhengi hugmynda um tengsl stjórnarfars, yfirvalda og einkalífs manna. Um er að ræða rannsókn sem tekur til mismunandi þátta. Hluti rannsókna Láru fól í sér að skoða hugtök sem beitt er í frumvarpi um nýja stjórnarskrá og var grein hennar um þann þátt á heimasíðu setursins í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskráttillögur stjórnlagaráðs. Grein Láru um málið í Fréttablaðinu vakti athygli og var henni í kjölfarið boðið að halda fyrirlestur um efni hennar í fyrirlestraröð ReykjavíkurAkademíunnar „Af sjónarhóli“. Nokkur opinber umfjöllun varð um greinina og var m.a. rætt við Láru í Silfri Egils í Ríkissjónvarpinu og í þættinum Alltaf að rífast á Rás 1.

Greinargerð um menningartengda ferðapjónustu og stöðu menningar- og menningarrannsókna í tengslum við vöxt ferðapjónustu, sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, var skilað í árslok. Ásamt forstöðumanni vann Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur og forstöðumaður ReykjavíkurAkademíunnar að greinargerðinni sem ber heitið Menning og ferðapjónusta - um menningu og menningarverkefni á landsbyggðinni frá sjónarhóli hugvísinda og er aðgengileg á vefsíðu ráðuneytisins. Greinargerðin hvetur til aukins metnaðar í menningarverkefnum á landsbyggðinni og benda höfundar á leiðir sem eru færar að því markmiði án mikils tilkostnaðar.

Rannsóknasetrið lét vinna útdrátt á íslensku úr leiðarvísi Evrópusambandsins um hlutverk háskóla í byggðapróun, *Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide*. Í leiðarvísinum er miðað við sóknaráætlun fram til ársins 2020 þar sem gert er ráð fyrir því að klasahugmyndafræði sé beitt til að ná fram nýbreytni í atvinnulífi og bættum lífskjörum í dreifðum byggðum. Leiðarvísirinn er byggður á þekkingu og reynslu nágrannalandanna af að miðla þeirri sýn og lýsir vinnulagi sem lagt er til að verði beitt. Bogi Arnar Finnbogason annaðist þýðingu og ritaði útdráttinn, en forstöðumaður Rannsóknasetursins ritaði aðfararorð. Ritið nefnist Þáttur háskóla í svæðisbundnum vexti. Hagnýtur leiðarvísir.

Forstöðumaður tekur þátt í rannsóknarhópnum 2017.is sem samanstendur af fræðimönnum sem vinna að rannsóknum sem efnt er til í tilefni af því að árið 2017 verða 500 ár liðin frá upphafi siðaskiptanna. Hélt hún tvo fyrirlestra á þeim vettvangi. Auk þess hélt Lára málstofu í rannsóknarhópnum um réttarsögufraeðinginn Harold Berman og sótti 9. Carlsberg Academy

ráðstefnuna um réttarsögu miðalda í Kaupmannahöfn. Þá hélt hún fyrirlestur á 2. tvíæringi Samtaka evrópskra réttarsögufraeðinga, ESCLH, í Amsterdam.

Lokið var við skráningu í gagnagrunn Ísmús á hljóðupptökum úr eigu Fræðafélags Vestur-Húnavetninga: viðtölum, Húnavökum og pólitískum fundum sem meðlimir Fræðafélags Vestur-Húnavetninga tóku upp á árunum 1962-1996. Verkefnið var styrkt af Húnaþingi vestra, Vaxtarsamningi og Menningarsamningi Norðurlands vestra og Þjóðhátíðarsjóði, og unnið í samvinnu við Forsvar ehf. á Hvammstanga. Það fólst í stafrænni afritun, rannsókn, skráningu og birtingu gagnanna á vefnum ismus.is. Auk ofangreindra aðila var verkið samvinnuverkefni Fræðafélags Vestur-Húnavetninga, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Miðstöðvar munnlegrar sögu, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tónlistarsafns Íslands. Forstöðumaður hafði yfirumsjón með verkefninu, en verkefnisstjórn var í höndum Arnþórs Gunnarssonar hjá Miðstöð munnlegrar sögu.

Bókasafn Halldórs Bjarnasonar er hluti af starfsemi Rannsóknasetursins. Skráningu bóka sem ekkja Halldórs Bjarnasonar sagnfræðings og börn þeirra gáfu setrinu var lokið hjá Landsbókasafni – Þjóðarbókhöllu á árinu. Einnig lauk skráningu bóka sem erfingjar Ögmundar Helgasonar gáfu. Saman mynda söfnin ágætt safn um sögu, bókmenntir og þjóðfræði Íslands, en þar eru einnig tímarit af ýmsu tagi, smáritasafn og dálítið barnabókasafn.



Ólafur Bernóðusson verkefnastjóri sinnir viðveru á bókasafninu og vinnur jafnframt að því að ljúka uppsetningu þess. Safnið er opið almenningi fyrir hádegi og eru bækur til afnota á staðnum. Þar er lesstofa og góð vinnuaðstaða fyrir 10 – 15 manns. Fjarkennslustofa sveitarfélagsins er á sömu hæð og hefur setrið þar aðgang að fjarkennslubúnaði og interneti ásamt fundaraðstöðu. Almenn ánægja ríkir um lesstofuna og bókasafnið og þar hafa verið haldnir fundir, samkomur og námskeið. Þá hafa listamenn sem dvelja í Listamiðstöðinni Nesi nýtt aðstöðuna talsvert.

Í október tók Rannsóknarsetrið þátt í Sögulegri safnahelgi sem var þáttur í Huggulegu hausti, samstarfsverkefni ferðapjónustuaðila og menningarstofnana á Norðurlandi vestra. Setrið var með milli klukkan 12 og 18 helgina 13. – 14. október og kynnti starfsemina. Jafnframt kynningunni hélt Ólafur Bernóðusson báða dagana erindi um þróun hafnargerðar á Skagaströnd í máli og myndum. Þá lágu frammi gamlar myndir úr ljósmyndasafni Skagastrandar sem hann annast fyrir sveitarfélagið og voru gestir beðnir um að hjálpa til við að bera kennsl á fólk og staði á myndunum. Fólk sýndi þessu framtaki Rannsóknarsetursins mikinn áhuga og komu um 100 gestir í heimsókn þessa helgi.

Útgefið efni

Lára Magnúsardóttir og Sólveig Ólafsdóttir: "Menning í menningarverkefnum, Menning og ferðapjónusta. - Um menningu og menningarverkefni á landsbyggðinni frá sjónarhóli hugvísinda", 2012.
http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Menning_ferdathonusta_jan-2013.pdf

Lára Magnúsdóttir og Arnþór Gunnarsson: „Rannsókn og skráning á hljóðheimildum úr Húnaþingi vestra.“ Lokaskýrsla, 2012.

Lára Magnúsdóttir (ritstj. og höf. aðfararorða). „Þáttur háskóla í svæðisbundnum vexti. Hagnýtur leiðarvisir. Leiðbeiningar um framlag háskóla til byggðaðróunar með styrkingu efnahagslegrar, félagslegrar og svæðisbundinnar samheldni til framtíðar að leiðarljósi“, 2012. Útdráttur og þýðing. Bogi Arnar Finnbogason. Heiti á frummálinu: „Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide. <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Thattur-haskola-i-svaedisbundnum-vexti---leidarvisir---utdrattur.pdf>.

Lára Magnúsdóttir „Náttúran í eigin rétti. Stjórnarskrá á mannamáli“. Fræðiritgerð birt á heimasíðu Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra október 2012. http://stofnanir.hi.is/skagastrond/natturan_i_eigin_retti_stjornarskra_mannamali

Lára Magnúsdóttir „Mannréttindi og mannamál“. Fréttablaðið 4. október og visir.is 2012. <http://www.visir.is/mannrettindi-og-mannamal/article/2012710049881>

Fyrirlestrar

Lára Magnúsdóttir „Náttúran í eigin rétti. Stjórnarskrá á mannamáli“. Af sjónarhóli – fyrirlestrarröð ReykjavíkurAkademíunnar, október 2012. <http://vimeo.com/51056011#>

Lára Magnúsdóttir „A History of (Dis)Obedience – a Non-democratic Controversy in Western Politics“. Fyrirlestur á The Second Biennial Conference of the ESCLH í Amsterdam, júlí 2012.

Lára Magnúsdóttir– Málstofa í rannsóknarhópnum 2017.is um réttarsögufræðinginn Harold Berman, maí 2012.

Lára Magnúsdóttir „Lögbrot eða agabrot – Leiðir kirkjustofnunar til að bregðast við ásökunum“. Fyrirlestur á Söguþingi, júní 2012.

Lára Magnúsdóttir „Samhengi í stofnunar sögu þjóðkirkjunnar – hversu alvarlegur er vandi hennar nú?“ Fyrirlestur á málstofunni „Kirkja í krísu“ á Hugvísindapingi, mars 2012.

Lára Magnúsdóttir. „Náttúruvernd og mannréttindi í nýrri stjórnarskrá“. Umræðufundur með Þorvaldi Gylfasyni um stjórnarskráfrumvarp á vegum Samfylkingarfélagsins Græna netsins, október 2012.

Lára Magnúsdóttir. Erindi flutt við opnun gagnagrunnsins ísmús.is sem er í eigu Tónlistarsafns Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, júní 2012.

Lára Magnúsdóttir. Setningarávarp á Málþingi um Jakob Línal á vegum Byggðasafns Strandamanna og Húnavetninga og Héraðsskjalasafns Húnaþingi vestra Í Víðihlíð, apríl 2012.

Sólveig Ólafsdóttir og Lára Magnúsdóttir. “Menning og ferðapjónusta eru málefni sem þarf að rannsaka saman.” Fyrirlestur fluttur af Sólveigu Ólafsdóttur um verkefni unnið í samvinnu þeirra Láru fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneyti um stöðu menningar og menningarrannsókna í tengslum við vöxt ferðapjónustu í fyrirlestraröðinni „Vísindi og grautur“ í Háskólanum á Hólum, maí 2012.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

Starfsemi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík hófst árið 2007. Forstöðumaður þess er dr. Marianne H. Rasmussen sjávarspendýrafræðingur. Við rannsóknasetrið eru stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum, einkum hvölum. Marianne var eini starfsmaðurinn í fullu starfi allt árið, en doktorsneminn Edda Elísabet Magnúsdóttir var í 80% starfi. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir kom til starfa 1. september. Hún er í 60% stöðu og sinnir rannsókn á hagrænum áhrifum ferðapjónustu í Þingeyjarsýslu með sérstakri rekstrargreiningu á fyrirtækjum á svæðinu. Verkefnið er unnið í samstarfi Rannsóknasetursins á Húsavík og

Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem er samstarfsvettvangur þriggja háskóla (Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Hólaskóla) og ferðapjónustunnar. Huld Hafliðadóttir var ráðin að setrinu sem verkefnastjóri frá 1. nóvember. Meðal verkefna hennar er aðstoð við skipulagningu vettvangsnámskeiða, aðstoð við nemendur og sjálfboðaliða sem dvelja á Húsavík á vegum setursins og vinna við gagnasöfn setursins. Huld vinnur einnig fyrir Hvalasafnið á Húsavík sem Rannsóknasetrið á mikið samstarf við.

Forstöðumaður setursins vann að fjölbreyttum rannsóknaverkefnum á árinu. Megináherslan í rannsóknum hennar er á tjáskipti sjávarspendýra en einnig líffræði sjávarspendýra almennt, atferlisfræði og greiningu hvala með ljósmyndun. Þá tekur hún þátt í verkefnum sem m.a. tengjast áhrifum hvalaskoðunar á hvali og hegðun þeirra.

Á vegum Rannsóknasetursins er mikil samvinna um rannsóknir og kennslu við háskóla og stofnanir hérlendis og erlendis, allt frá Evrópu til Bandaríkjanna og Japans. Marianne er leiðbeinandi eða meðleiðbeinandi alls 12 meistara- og doktorsnema við HÍ og erlenda háskóla. Að auki voru níu erlendir háskólanemar í starfsnámi við setrið á árinu.



Forstöðumaður tók þátt í rannsóknarleiðangri á Grænlandi þar sem markmiðið var að kanna hvernig náhvalir nota hljóðmerki á mismunandi dýpi. Rannsóknasetrið hefur frá stofnun þess safnað hljóðupptökum sem nýtast til að greina viðveru ólíkra hvalategunda á NA-horni landsins, sem og ólíka hljóðmyndun þeirra. Upptökunum er safnað með sérhæfðum neðansjávarhljóðupptökutækjum. Í júní vann Marianne með vísindamönnum frá Danmörku og Japan og kom fyrir upptökutækjum á Skjálfaflóa til að kanna hvort hægt sé að tengja hljóð steypireyða við köfunarhegðun, ferðir og atferli þeirra. Hún tók einnig þátt í samvinnuverkefni með International Fund of Animal Welfare um borð í skipinu Song of the Whale. Upptökutækjum var komið fyrir á Grænlandssundi þar sem vonir standa til að hljóðupptökur geti varpað ljósi á farhegðun steypireyða. Nokkrir nemendur tóku þátt í leiðangrinum. Skipið var einnig við rannsóknir á Faxaflóa í júlí. Unnið var að rannsóknum á hnísunum í Skjálfaflóa í samvinnu við Háskólann í Turku í Finnlandi og komið var fyrir nemum í Flóanum til að fylgjast með hreyfingum hnísanna og hljóðmyndun þeirra. Þá tók forstöðumaður þátt í krufningu og segulómun á andarnefjuhaus hjá bandarísku Smithsonian stofnuninni. Andanefjan strandaði í Eyjafirði og hausinn var frystur á Húsavík og sendur til Smithsonian, en rannsóknin beindist að því hvernig tegundin myndar hljóð.

Forstöðumaður tók þátt í kennslu tveggja námskeiða við Líf- og umhverfisvísindadeild, Náttúrfræði og Vistfræði spendýra. Vettvangsnámskeið í rannsóknum á sjávarspendýrum var haldið á Húsavík í júlí og sóttu það 29 nemendur víðs vegar að í heiminum. Doktorsnemarnir Edda Elísabet Magnúsdóttir, Maria Iversen, and Chiara Bertulli aðstoðuðu Marianne við kennsluna.

Útgefið efni

Heide-Jørgensen, MP, Burt, LM, Hansen, RG, Nielsen, NH, Rasmussen, M, Fossette, S and Stern, H (2012). The Significance of the North Water Polynya to Arctic Top Predators. *AMBIO*

Heide-Jørgensen MP, Laidre, KL, Hansen, RG, Burt, LM, Simon, M, Borchers DL, Harding, K, Rasmussen, M, Dietz and Teilmann (2012). Rate of increase and current abundance of humpback whales in West Greenland. *J. CETACEAN RES. MANAGE.* 12: 1–14.

Rasmussen, MH, Akamatsu, T, Teilmann, T, Vikingsson, G and Miller, LA (2012). Biosonar, diving and movements of two tagged white-beaked dolphin in Icelandic waters. *Deep-Sea Research II*

Erindi flutt á alþjóðlegum ráðstefnum

Christiansen, F, Rasmussen, M and Lusseau, D (2012). Whalewatching boats disrupt the foraging activities of Minke whales in Faxaflói bay, Iceland. Glasgow, Scotland

Christiansen, F, Rasmussen, M and Lusseau, D (2012). Whalewatching boats disrupt the foraging activities of Minke whales in Faxaflói bay, Iceland. Oslo, Norway

Christiansen, F, Rasmussen, M and Lusseau, D (2012). Whalewatching boats disrupt the foraging activities of Minke whales in Faxaflói bay, Iceland. New Castle University, United Kingdom

Iversen M, Rasmussen MH, Magnúsdóttir, EE and Lammers, M (2012), Hvorfor er det godt at bruge to metoder til lydoptagelser i et u-undersøgt område, Et case study fra blåhvaler i Islandske farvande. Dansk havpattedyr symposium, Kerteminde, Denmark.

Magnúsdóttir, EE, Rasmussen, MH and Lammers, M (2012). Humpback whale (*Megaptera novaeangliae*) sound production during winter in Iceland. ECS conference, Galway, Ireland.

Erindi flutt á innlendum ráðstefnum

Magnúsdóttir, EE, Rasmussen, MH and Marc O. Lammers (2012). Humpback whale sound behaviour during winter in subarctic waters. Vistfræðifélag Íslands, Reykjavík, Iceland.

Rasmussen, MH, Cranford, T, Krysl, P and Potter, C (2012). The journey of a head of a Northern Bottlenose whale (*Hyperoodon ampullatus*). Vistfræðifélag Íslands, Reykjavík, Iceland.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi

Árið 2011 var gerður samningur til fimm ára milli Háskóla Íslands og Fljótisdalshéraðs um verkefni sem miða að því að efla rannsóknir á þróun og uppbyggingu á háskólastarfsemi í sveitarfélaginu á þeim sviðum er tengjast svæðinu og byggja á styrkleikum þess. Samkvæmt ákvæðum samningsins skal á fyrstu tveimur árum gildistímans styrkja verkefni á sviði rannsókna og fræða sem unnin eru á Fljótisdalshéraði eða með beinni tengingu við svæðið. Eitt af meginmarkmiðum starfsemi HÍ á Austurlandi er að stuðla að auknum möguleikum til háskólamenntunar á svæðinu og hefur í því skyni verið lögð áhersla á stuðning við fjarkennslu í samvinnu við Þekkingarnet Austurlands. Þjónusta hefur verið veitt vegna námskeiða á vegum menntavísindasviðs og greidd laun og ferðakostnaður tveggja aðstoðarkennara á svæðinu, þeirra Sigrúnar Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur. Fyrirkomulag þetta hefur gefist vel og er vilji til að halda því áfram, jafnhliða því sem rannsóknastarfsemi Háskólans verður eflað á Austurlandi.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Rannsóknasetrið á Hornafirði var stofnað 30. nóvember 2001. Meginhlutverk þess er að auka þekkingu á umhverfi, náttúrufari, menningu og samfélagi á Suðausturlandi, bæði með

sjálfstæðum rannsóknum og með því að veita fræðimönnum og nemendum aðstöðu til rannsókna- og fræðastarfs. Rannsóknasetrið er til húsa í þekkingarmiðstöðinni Nýheimum á Höfn og tekur virkan þátt í fjölbreyttri starfsemi þar. Setrið hefur unnið að margvíslegum verkefnum fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, klasana Ríki Vatnajökuls og Frið og frumkrafta, Vatnajökulsþjóðgarð og fleiri aðila. Það starfar einnig náið með Þórbergssetri og Kirkjubæjarstofu.

Árið 2012 störfuðu tveir fastráðnir starfsmenn við Rannsóknasetrið: Dr. Þorvarður Árnason, umhverfis- og náttúrufræðingur, sem gegndi starfi forstöðumanns og Soffía Auður Birgisdóttir, bókmenntafræðingur, sem var í stöðu sérfræðings. Auk þeirra voru þeir Johannes T. Welling, umhverfisfræðingur og Ágúst Elvarsson, viðskiptafræðingur í verkefnabundnum hlutastörfum hjá setrinu. Enn fremur voru tveir



námsmenn í sumarstörfum við setrið, þær Lára Marteinsdóttir og Hrefna Rún Kristinsdóttir. Doktorsnemar í verkefnum sem tengjast setrinu voru þrír en meistaranemar sex, þar af einn með aðsetur í Nýheimum. Einn meistaranemi, Gyða Þórhallsdóttir, útskrifaðist árið 2012.

Meginviðfangsefni Rannsóknasetursins á Hornafirði eru annars vegar rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar (m.a. rannsóknir á landslagi og stjórnun friðlýstra svæða) og hins vegar rannsókna- og þróunarverkefni sem varða sjálfbæra ferðapjónustu og margvíslega nýsköpun í ferðapjónustu í dreifðum byggðum (t.d. vetrarferðapjónustu, fræðandi ferðapjónustu, matarferðapjónustu og ævintýraferðapjónustu). Við setrið eru einnig stundaðar rannsóknir á bókmenntum og listum og þar hafa enn fremur verið unnin verkefni í landfræði, jöklafræði og þjóðfræði. Ekki fer fram skipulögð kennsla á vegum setursins, en það hefur þó reglulega staðið fyrir vettvangsnámskeiðum í samvinnu við ýmis svið og námsbrautir Háskóla Íslands og aðrar háskólastofnanir. Sérfræðingar setursins sinna jafnframt stundakennslu við Háskóla Íslands og annast leiðbeiningu meistara- og doktorsnema.

Helstu verkefni rannsóknasetursins árið 2012 voru: (a) rannsóknir á viðhorfum ferðamanna til vetrarferðamennsku á Íslandi, (b) rannsóknir vegna verkefnisins Matur og sjálfbær ferðapjónusta, (c) rannsóknir á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar, (d) stefnumótunarvinna vegna Nýheima, (e) samantekt efnis um menningarstarf á Hornafirði og (f) rannsóknir og ráðgjöf fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Meðal annarra verkefna má nefna frágang rannsókna á útivistarhegðun ferðamanna í Vatnajökulsþjóðgarði og ráðgjöf vegna stefnumótunar í Ríki Vatnajökuls ehf.

Árið 2012 komu átta námshópar til Hornafjarðar vegna samstarfs við Rannsóknasetrið. Fjórir þessara hópa komu frá Háskóla Íslands (safnafræði, umhverfis- og auðlindafræði, ferðamálafræði, landfræði) og tveir frá erlendum háskólum (University of British Columbia, University of Durham). Þá var haldið vikunámskeið fyrir norræna meistaranema í listum á vegum Listaháskóla Íslands og fleiri aðila, auk þess sem nemendur frá Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna sóttu setrið heim.

Forstöðumaður setursins annaðist stundakennslu í tveimur námskeiðum á árinu sem kennd voru í Reykjavík: Umhverfisfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ og námskeið á ensku um Erfðatækni, umhverfi og samfélag sem var samstarfsverkefni ríkisháskólanna. Hann var einnig prófdómari þriggja meistaraþrófsritgerða.

Árið 2012 fagnaði Rannsóknasetrið tíu ára starfsafmæli með því að halda fjögurra daga alþjóðlega ráðstefnu um umhverfismál sem fór að stærstum hluta fram á Höfn dagana 16.-19. maí. Ráðstefna bar heitið „Environmental Policy-making in a Dynamic World“ og var skipulögð í samvinnu við *Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies*. Flutt voru um 40 erindi, helmingurinn af erlendum fyrirlesurum. Auk þessa tók setrið þátt í skipulagningu tveggja minni málþinga. Ein sýning á vegum Rannsóknasetursins var sett upp á árinu („Humar, lúra og áll“). Þá tók forstöðumaður setursins tók þátt í ljósmyndasýningu sem sett var upp á Þórbergsetri við texta eftir Þórberg Þórðarson.

Útgefið efni

Hennessy, R., Arnason, T., Ratinen, I., and Rubensdotter, L., 2012. „Google Earth geo-education resources: A transnational approach from Ireland, Iceland, Finland, and Norway“. Í: Whitmeyer, S.J., Bailey, J.E., De Paor, D.G., and Ornduff, T. (ritstj.), *Google Earth and Virtual Visualizations in Geoscience Education and Research: Geological Society of America Special Paper 492*, p. 413–418.

Soffía Auður Birgisdóttir. „The Master and the Apprentice: Identity formation and inculcation. The case of Grandpa Sobbeppi and Little Hegga in Þórbergur Þórðarson's autobiographical novel *The Hymn of the Flower*.“ *Malunarmót*. Heiðursrit til Maluna Marnesdóttur. Ritstjórar: Eyðun Andreassen, Malan Johannesen, Anfinnur Johansen og Turið Sigurðardóttir. Fróðskaparsetur Færeyja: Fróðskapur 2012

Soffía Auður Birgisdóttir. „Að grafa leynigöng milli veruleika og drauma.“ Ritdómur um Sýrópsmánann eftir Eirík Guðmundsson. *Tímarit Máls og menningar* 2012 (1), s. 133-136.

Soffía Auður Birgisdóttir. „Mörg eru sjálf þín, kona.“ Ritdómur um Konan við 1000° eftir Hallgrím Helgason. *Tímarit Máls og menningar* 2012 (2), s. 137-143.

Soffía Auður Birgisdóttir. „Landnámsmaður og útlagi.“ Ritdómur um Ævisögu Gunnars Gunnarssonar eftir Jón Yngva Jóhannsson. *Tímarit Máls og menningar* 2012 (3), s. 138-143.

Fyrirlestrar

Þorvarður Árnason. „Hvaða tækifæri leynast í fiðurfé og grjóti?“ *Kynningarfundur um gönguleiðir og áningarstaði í Austur-Skaftafellssýslu*, Ferðamálasamtök Austur-Skaftafellssýslu, Hrollaugsstaðir í Suðursveit, 24. janúar 2012.

Þorvarður Árnason. "Vetrarferðamennska í Ríki Vatnajökuls". *Nýheimar*, Höfn, 24. febrúar 2012.

Soffía Auður Birgisdóttir. „Þórbergur Þórðarson og lækningabók Jónassens.“ *Hugvísindaping*, málstofan „Sjúkar orðræður“. Háskóli Íslands, Reykjavík, 10. mars 2012.

Þorvarður Árnason. „The Precautionary Principle“. *Gene Technology, Environment and Society*. Háskóli Íslands o.fl., Reykjavík, 13.-15. apríl 2012.

Þorvarður Árnason. "Matur og sjálfbær ferðaþjónusta: Hvað felst í því að vera "sjálfbær" og hvernig getum við metið stöðuna?". *Matur og sjálfbær ferðaþjónusta - málþing á Hótel Héraði*, Matís o.fl., Egilsstaðir, 26. apríl 2012.

Þorvarður Árnason. „Erfðabreyttar lífverur – siðfræðileg viðhorf“. *Erfðabreytt ræktun – slepping og dreifing*. Umhverfisráðuneytið, Reykjavík, 15. maí 2012.

Soffía Auður Birgisdóttir. „Creative nature. Þórbergur Þórðarson's view of nature.“ *Environmental Policy-Making in a Dynamic World*. Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði og Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies, Höfn í Hornafirði, 16.-18. maí 2012.

Þorvarður Árnason. "Hornafjörður Regional Research Center". Ráðstefna um samstarf milli Nýheima og Centrum för flexibelt lärande, Söderhamn, Svíþjóð, 30. maí - 1. júní 2012.

Þóra E. Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason & Hlynur Bárðarson. „A visual approach to landscape classification: The Icelandic Landscape Project.“ *Nordisk Seminarium om Landskab*, Skipulagsstofnun o.fl., Selfoss, 7.-9. júní 2012.

Þorvarður Árnason. „Managing Vatnajökull National Park“. *6th International Conference on Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas*, Stokkhólmur, 21.-24. ágúst 2012.

Þorvarður Árnason. "Allt í klakaböndum? Þróun vetrarferðaþjónustu á Íslandi." *Þjóðarspejillinn XIII, Rannsóknir í félagsvísindum*, Háskóli Íslands, Reykjavík, 26. október 2012.

Þorvarður Árnason og Edward H. Huijbens. "Understanding seasonality in peripheral regions. The potentials and pitfalls of developing winter tourism in Iceland." *11th Global Forum on Tourism Statistics*, OECD, Hagstofa Íslands o.fl., Reykjavík, 14.-16. nóvember 2012.

Þorvarður Árnason. "Þegar Jökulsárlón hvarf: Um vetrarkannanir Ferðamálastofu". Nýheimar, Höfn, 30. nóvember 2012.

Þorvarður Árnason. "DisNEY eða Ísland öðru nafni." *Er komið nóg af gestum? Þolmörk, fjöldatakmörk og gjaldheimta*. Rannsóknamiðstöð ferðamála o.fl., Reykjavík, 10. desember 2012.

Veggspjöld

Gyða Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason og Anna Dóra Sæþórsdóttir "Útivist og afþreying í Vatnajökulsþjóðgarði". *Ráðstefna Kvískerjasjóðs, Kvískerjasjóður, Umhverfisráðuneytið og Sveitarfélagið Hornafjörður*, Smyrlabjörg, 14. mars 2012.

Karen Pálsdóttir, Þóra E. Þórhallsdóttir og Þorvarður Árnason. "Scenic natural landscapes in Iceland: An analysis of their visual characteristics and relationship to other Icelandic landscapes". *Nordisk Seminarium om Landskab*, Skipulagsstofnun o.fl., Selfoss, 7.-9. júní 2012.

Skýrslur

Ágúst Elvarsson. „Viðburðir á Hornafirði. Skýrsla unnin fyrir starfshóp vegna hátíða og stærri menningarviðburða á Hornafirði“. Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði, febrúar 2012, 72 bls.

Johannes T. Welling & Þorvarður Árnason: „Assessing Sustainability Performance of Local Food Systems in South East Iceland“. Matur og sjálfbær ferðaþjónusta, þriðja áfangaskýrsla um matsrannsóknir. Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði, mars 2012, 55 bls.

Johannes T. Welling & Þorvarður Árnason: „Assessing Sustainability Performance of Local Food Systems in Iceland“. Matur og sjálfbær ferðaþjónusta, fjórða áfangaskýrsla um matsrannsóknir. Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði, september 2012, 52 bls.

Meistaraprófsritgerðir

Gyða Þórhallsdóttir. „Upplifun og viðhorf gesta til útivistar í Vatnajökulsþjóðgarði.“ Umhverfis- og auðlindafræði (60 ECTS), haust 2012, leiðbeinendur Þorvarður Árnason og Anna Dóra Sæþórsdóttir.

Sýningar

Hrefna Rún Kristinsdóttir. „Humar, lúra og áll“. Sett upp í Pakkhúsinu, Höfn, ágúst 2012 og á Vísindavöku í Reykjavík, september 2012. Umsjón: Soffía Auður Birgisdóttir.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi var stofnað vorið 2009. Forstöðumaður setursins er dr. Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur. Auk forstöðumanns í fullu starfi unnu þrír starfsmenn í hlutastarfi við setrið á árinu. Vigfús Eyjólfsson sinnti umsýslu gagnagrunna í hlutastarfi og Lilja Jóhannesdóttir og Heiða Gehringer unnu að vettvangsrannsóknum.

Fyrstu framhaldsnemarnir sem unnu lokaverkefni sín við setrið luku námi á árinu. Elke Wald lauk meistararitgerð sem ber titillinn *Land-use development in South Iceland 1900 – 2010*. Í ritgerðinni var fjallað um landbreytingar af manna völdum á Suðurlandi á þessu tímabili og skoðuð samanlögð áhrif fjölbreyttra og ólíkra gerða landnotkunar. Þetta er fyrsta heildstæða yfirlitið af þessu tagi sem gert hefur verið hér á landi.



Efniviðurinn var landfræðileg gögn sem safnað hefur verið af ýmsum stofnunum og fyrirtækjum, auk loftmynda sem spanna tímabilið. Í ritgerðinni kom fram að miklar breytingar hafa orðið á landnotkun og að á síðustu árum hefur hraði landbreytinga á Suðurlandi verið með því mesta sem gerist í Evrópu. Þar munar mikið um útpenslu byggðar og fjölda frístundahúsa. Meistararitgerð Borgnýjar Katrínardóttur ber heitið *The importance of Icelandic riverplains as breeding habitats for Whimbrels *Numenius phaeopus** og fjallar um stofnvistfræði spóa á hálfgrónum áreyrum. Hálfgrónar áreyrar eru lykilmúsvæði fyrir verpandi spóa en þessi búsvæði eru víða í hættu vegna beislunar vatnsfalla og gróðurfarsbreytinga eins og landnáms lúpínu. Verkefni Borgnýjar snerist um að meta mikilvægi þessara svæða fyrir spóa í varpi og mat hennar leiddi í ljós að líklega verpur um fjórðungur íslenska spóastofnsins og um 10% heimsstofnsins í þessu afar afmarkaða búsvæði á Íslandi. Aðalsteinn Örn Snæþórsson sérfræðingur við Náttúrustofu Norðausturlands lauk meistaraverkefni sínu á árinu, en forstöðumaður rannsóknasetursins var meðleiðbeinandi. Verkefni Aðalsteins bar titilinn *Reproductive success and survival of hen rock ptarmigan (*Lagopus muta*) during summer* og fjallaði um varpárangur og lífslíkur rjúpuhæna. Rannsóknirnar leiddu m.a. í ljós að afföll varpfugla voru minni og varpárangur betri á rannsóknasvæðum á NA-landi en í fyrri rannsókn á SV-landi. Aðrir nemendur sem unnu að verkefnum sínum á árinu í tengslum við Rannsóknasetrið voru meistararnemarnir Böðvar Þórisson, Heiða Gehringer, Lilja Jóhannesdóttir, Brynja Davíðsdóttir, Helgi Guðjónsson og doktorsnemarnir Freydís Vigfúsdóttir og Þórður Örn Kristjánsson.

Erlent samstarf var fyrirferðarmikið á árinu og manndagar erlendra vísindamanna í samstarfsverkefnum voru um 400. Dr. José Alves frá University of East Anglia í Bretlandi dvaldi við rannsóknir sumarlengt eins og síðustu sumur og Dr. Jennifer A. Gill frá sama skóla

og Graham Appleton frá British Trust for Ornithology dvöldu í einn og hálfan mánuð í góðu yfirlæti í Gunnarsholti við skriftir og útivinnu.

Forstöðumaður Rannsóknasetursins gegndi ýmsum trúnaðarstörfum á árinu. Þar má nefna setu í nefnd umhverfisráðherra um endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum og stjórnarmennsku í Vistfræðifélagi Íslands. Hann hafði einnig umsjón með kennslu í fuglafræði við Háskóla Íslands.

Auk vinnu með framhaldsnemum í fjölbreyttum verkefnum beindust rannsóknir forstöðumanns einkum að stofnvistfræði farfugla. Alþjóðlegt verkefni sem snýst um ýmsa þætti í stofnvistfræði íslenskra jaðrakana leiddi til fjögurra greina í alþjóðlegum vísindaritum. Þá tók forstöðumaður þátt í fjölpjóðlegum sérfræðingahópi sem mat aðsteðjandi hættur sem stafa að vaðfluglum á heimsvísu.

Setrið á í samstarfi við sérfræðinga á ýmsum stofnunum um rannsóknir, leiðbeiningu stúdenta og fleira. Þar má helst nefna Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólafélag Suðurlands, Hekluskóga, University of East Anglia og Cambridge University í Bretlandi.

Í árslok flutti setrið í nýtt húsnæði á Selfossi, uppgerðan Sandvíkurskóla þar sem ýmsar stofnanir hafa aðsetur. Samfélag þetta hefur verið nefnt Fjölheimar og Rannsóknasetrið er þar í góðum félagsskap Háskólafélags Suðurlands, Fræðslunets Suðurlands og fleiri stofnanna.

Greinar í alþjóðlegum vísindaritum

- Alves, J.A., Gunnarsson, T.G., Potts, P.M., Gélinaud, G., Sutherland, W.J. & Gill, J.A. 2012. Overtaking on migration: does longer distance migration always incur a penalty? *Oikos* 121: 464-470.
- Gunnarsson, T.G., Sutherland, W.J., Alves, J.A., Potts, P.M. & Gill, J.A. 2012. Rapid changes in phenotype distribution during range expansion in a migratory bird. *Proceedings of the Royal Society of London B*. 279: 411-416.
- Sutherland, W.J., Alves, J.A., Amano, T., Chang, C.H., Davidson, N.C., Finlayson, C.M., Gill, J.A., Gill, R.E., González, P.M., Gunnarsson, T.G., Kleijn, D., Spray, C.J., Székely, T., Thompson, D.B.A. 2012. A horizon scanning assessment of the current and potential future natural and anthropogenic issues facing migratory shorebirds. *Ibis* 154: 663-679.
- Catry, T., Alves, J.A., Gill, J.A., Gunnarsson, T.G., Granadeiro, J.P. 2012. Sex Promotes Spatial and Dietary Segregation in a Migratory Shorebird during the Non-Breeding Season. *PLoS ONE* 7(3): e33811. doi:10.1371/journal.pone.0033811
- Lopes, R.J., Alves, J.A., Gill, J.A., Gunnarsson, T.G., Hooijmeijer J.C.E.W., Lourenço, P.M., Masero, J.M., Piersma, T., Potts, P.M., Rabaçal, B., Reis, S., Sánchez-Guzman, J.M., Santiago-Quesada, F. & A. Villegas. (2012). Do different subspecies of Black-tailed Godwit *Limosa limosa* overlap in Iberian wintering and staging areas? Validation with genetic markers. *Journal of Ornithology* -DOI: 10.1007/s10336-012-0865-8.

Fyrirlestrar

- Tómas Grétar Gunnarsson og Ólafur Arnalds 2012. Tengsl áfoks við fuglalíf á láglandi. Haustráðstefna Vistfræðifélags Íslands. 17. Nóvember 2012 í Odda, HÍ.
- Alves, J.A., Tómas Grétar Gunnarsson, Hayhow, D., Potts, P.M., Sutherland, W.J. & Gill, J.A. 2012. Is investing in Portugal profitable? *British Trust for Ornithology*, U.K., February 2012.

Tómas Grétar Gunnarsson 2012. Control of timing of spring migration. Fjölbjóðleg málstofa Votlendisseturs Landbúnaðarháskóla Íslands um farfugla. Hvanneyri. 17. Apríl 2012.

Tómas Grétar Gunnarsson 2012. Landnotkunarspall. Erindi um landnotkunarmál fyrir Rótaryklúbb Rangæinga 22. október.

Nemendaritgerðir

Borgný Katrínardóttir 2012. The importance of Icelandic riverplains as breeding habitats for Whimbrels *Numenius phaeopus*. Meistararitgerð við Líf- og Umhverfivísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerð á Skemmunni: <http://hdl.handle.net/1946/11944>

Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2012. Reproductive success and survival of hen rock ptarmigan (*Lagopus muta*) during summer. Meistararitgerð við Líf- og Umhverfivísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerð á Skemmunni: <http://hdl.handle.net/1946/11829>

Elke Wald 2012. Land-use Development in South Iceland 1900-2010. Meistararitgerð við Líf- og Umhverfivísindadeild Háskóla Íslands. Ritgerð á Skemmunni: <http://hdl.handle.net/1946/10804>

Kristín Alísa Eiríksdóttir 2012. Varpvistfræði grágæsa (*Anser anser*) á Suðurlandi. BS verkefni við Háskóla Íslands. Ritgerð á Skemmunni: <http://hdl.handle.net/1946/10787>

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum var stofnað árið 2004. Rannsóknir á vegum setursins tengjast einkum lífríki sjávar og fuglum, með megináherslu á áhrif mengandi efna á sjávarlífverur. Verkefni og námskeið í tengslum við setrið eru fjölbreytt, og hafa innlendir jafnt sem erlendir vísindamenn og nemendur nýtt sér aðstöðuna í Sandgerði.

Forstöðumaður setursins er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur og var hann eini fastráðni starfsmaðurinn 2012. Óskar Sindri Gíslason var verkefnaráðinn en hann lauk meistaraprófi við setrið 2009 og hóf doktorsnám 2012, og heldur þar áfram rannsóknum sínum á grjótkrabbanum. Ásdís Ólafsdóttir, einnig verkefnaráðin, vann að sínu framhaldsverkefni við HÍ undir handleiðslu forstöðumanns setursins en hún rannsakar uppsöfnun og áhrif mengandi efna á krækling. Hrönn Egilsdóttir doktorsnemi við HÍ hafði aðstöðu á Garðveginum til rannsókna en hún rannsakar áhrif súrnunar sjávar á kalkmyndandi sjávarlífverur.

Forstöðumaður setursins sá um hluta viklegrar kennslu í eiturefnavistfræði við líffræðiskor HÍ og fór kennslan fram á setrinu. Ásamt Óskari Sindra sá hann einnig um kennslu í tveimur námskeiðum: Sjávar-, vatna- og fiskivistfræði og Lífheiminum, en Ásdís Ólafsdóttir sá um kennslu í líffræði við Háskólabrú Keilis. Forstöðumaður setursins kenndi einnig nemendum í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða og leiðbeindi einum meistaránema við sama skóla. Halldór Pálmar er umsjónarmaður og skipstjóri á Sæmundi fróða RE, rannsóknabáti Líffræðistofnunar HÍ. Baturinn er nýttur í ýmsum rannsókna-, kennslu- og þjónustuverkefnum á vegum setursins og Líffræðistofnunar.

Útbreiðsla, vinnsla og nýting á grjótkrabba var áfram rannsökuð á árinu. Lagt var mat á stofnstærð út frá merkingum og endurheimtum en þetta er í fyrsta skipti sem þeirri aðferð er beitt við stofnstærðarmat á kröbbum hér við land. Rannsóknin er styrkt af Vaxtarsamningi Suðurnesja, Verkefnasjóði sjávarútvegsins og AVS.

Haldið var áfram vinnu við tvö viðamikil samstarfsverkefni á sviði mengunarrannsókna sem hófust 2011. Þau nefnast „Pristine Arctic“ og „Ísland, hreint og ómengað? Áhrif olíumengunar á ósnortin strandsvæði Íslands“. Verkefnin eru samnorræn og lúta að kortlagningu PAH sambanda á norðurslóðum þar sem uppsöfnun og áhrif efnanna á krækling, þorsk og sandhverfu eru rannsökuð með efnagreiningum og beitingu ýmissa bíómarkera. Norden og Verkefnasjóður sjávarútvegsins styrkja rannsóknirnar. Forstöðumaður setursins og dr. Hrönn Jörunds dóttir hjá Matís leiða verkefnin en aðrir samstarfsaðilar eru við háskóla og rannsóknastofnanir í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Þessi hópur hefur að undanförunu byggt upp öflugt netverk milli Norðurlandanna og mun sérhæfa sig í rannsóknum á styrk og áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur.



Nýtt innlent samstarfsverkefni hófst á árinu en það nefnist „Greining hrygningar og lifrusets hjá kræklingi (*Mytilus edulis*) við strendur Íslands.“ Verkefnið er styrkt af Verkefnasjóði sjávarútvegsins og unnið í nánú samstarfi við rannsóknastofnanir og kræklingaræktendur allt í kringum landið.

Smærri verkefni á sviði sjávarlíffræði voru einnig unnin á árinu í samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Má þar nefna aðkomu að fisksjúkdómatilraunum á vegum Tilraunastöðvar HÍ að Keldum, en þær tilraunir fara fram í Sandgerði. Þá safnaði setrið áfram svömpum og öðrum botnföstum sjávarhryggleysingjum í samstarfi við Sesselju Ómarsdóttur hjá Lyfjafræðideild HÍ.

Rannsóknasetrið samnýtir aðstöðuna að Garðvegi 1 með Þekkingarsetri Suðurnesja og Náttúrustofu Suðvesturlands og eru ýmis rannsóknaverkefni unnin í góðri samvinnu við þá. Áframhaldandi samstarf var við fyrirtæki á svæðinu, Slægingarþjónustu Suðurnesja ehf., Veitingahúsið Vitann og Arctic ehf. á sviði krabbavinnslu og rannsókna. Gistinætur erlendra fræðimanna og nema sem ýmist nýttu sér aðstöðuna eða unnu í tengslum við setrið, voru um 200 á árinu. Í maí stóð setrið fyrir fundi vinnuhóps á vegum ICES en þá komu 20 botndýrasérfræðingar frá 7 þjóðlöndum sem dvöldu í Sandgerði í vikutíma og framhaldsnemar í alþjóðlegu námskeiði í fiskavistfræði á vegum Guðrúnar Marteinsdóttur prófessors við HÍ dvöldu við Rannsóknasetrið í þrjá daga í júní.

Rannsóknasetrið tók þátt í Vísindavöku Rannís eins og undanfarin ár, að þessu sinni í samvinnu með Lyfjafræðideild HÍ; m.a. voru sýnd lifandi dýr í sjávarbúrum. Á árinu var tekið á móti líffræðinemum við HÍ í árlegri vísindaferð þeirra til Sandgerðis og forstöðumaður setursins var annar af tveimur leiðsögumönnum í vel heppnaðri kræklingaferð HÍ og Ferðafélags Íslands í Hvalfjörð þar sem yfir 200 manns mættu. Í janúar var Rannsóknasetrið í fréttu- og þjóðlífsþættinum Landanum í Ríkissjónvarpinu en þá kynnti Jörundur Svavarsson prófessor IceAGE verkefnið og leiðangur þýska rannsóknaskipsins Meteor sem farinn var kringum landið haustið 2011.

Á Rannsóknasetrinu er sýningin Heimskautin heilla sem fjallar um líf og störf franska landkönnuðarins Jean-Baptiste Charcot. Charcot sem fórst við Ísland árið 1936 ásamt 40 manns úr áhöfn rannsóknaskipsins Pourquoi pas? var einn af merkustu landkönnuðum heims og mikill Íslandsvinur. Í september færði dótturdóttir Charcots sýningunni líkan af kajak sem Grænendingar gáfu honum. Þá var setrinu einnig gefið veglegt líkan af Pourquoi Pas?

Ritrýnd grein

Jónasson, J.P., Gíslason, Ó.S., Halldórsson, H.P. 2012. Rapid colonization of *Cancer irroratus* in Iceland. Journal of Shellfish Research 31, 302-302 [Abstract].

Fræðilegir fyrirlestrar á vísindaráðstefnum

Jónas Páll Jónasson, Óskar Sindri Gíslason, Halldór Pálmar Halldórsson. 2012. Krabbar á grunnsævi, ný auðlind. Ráðstefna Hafrannsóknastofnunarinnar, Norrænahúsinu, 30. mars 2012.

Jörundur Svavarsson. 2012. Biotice and IceAge. ICES BEWG (Benthic Ecology Working Group) meeting, Sandgerði, 7. maí 2012.

Fyrirlestrar/kynningar

Óskar Sindri Gíslason. Flutningur framandi lífvera og landnám grjótkrabba (*Cancer irroratus*) við Ísland. Föstudagsfyrirlestur Líffræðistofnunar HÍ, Öskju – náttúrufræðahúsi HÍ, 2. mars 2012.

Halldór Pálmar Halldórsson. Háskóli Íslands í Sandgerði – Möguleikar til rannsókna og kennslu á Suðurnesjum. Ársfundur Stofnana rannsóknasetra HÍ, Selfossi 29. mars 2012

Halldór Pálmar Halldórsson og Gísli Már Gíslason. Kynning á kræklingi og kræklingatíslu í tengslum við ferð HÍ og Ferðafélags Íslands í Hvalfjörð, 21. apríl 2012.

Halldór Pálmar Halldórsson. Kynning á niðurstöðum kræklingavöktunar við iðjuverin í Hvalfirði, maí 2012.

Halldór Pálmar Halldórsson. Research and activities: The University of Iceland's Research Centre in Sudurnes. Kynning á starfsemi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum á vinnufundi ICES BEWG (Benthic Ecology Working Group), Sandgerði, 7. – 11. maí 2012.

Skýrslur

Náttúrustofa Reykjaness og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum, Sandgerði. Forkönnun á botngerð og lífríki á botni sjávar og í fjörum við Arfadalsvík, vestan Grindavíkur. Skýrsla unnin að beiðni HS Orku, janúar 2012.

Halldór Pálmar Halldórsson og Óskar Sindri Gíslason. Mengunarálag í vistkerfi sjávar utan við Grundartanga og Katanes í Hvalfirði vaktað með hjálp kræklinga, febrúar 2012.